

Félagsfundur FMA 16.05.2015

Félagsfundur FMA var haldinn þann 15. maí 2015 í Lionssalnum á fjórðu hæð í Alþýðuhúsinu kl 10:00

Fundarefni var tilhögun rafrænna kosninga og kynning á verkfallsferli ef félagsmenn samþykkja verkfallsboðun..

Formaður bauð viðstadda velkomna og las upp fundarboð eins og það var út sent en engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðunina. Telst fundurinn þá löglega boðaður og ályktunarhæfur.

Formaður byrði á að ræða um heimasíðu félagsins og hvatti menn til að notfæra sér hana í upplýsingaskyni.

Einnig fór hann ítarlega í gegn um „allt um verkfall“ flípann á heimasíðunni og fór vel í gegn um alla þætti hans.

Því næst ræddi formaður um samstarf iðnfélagana og fór í gegn um allar þær viðræður sem iðnaðarsamfélagið hefur átt við Samtök atvinnulífsins (SA) og hvernig það ferli hefur gengið. Fór svo formaður í gegn um útreikninga sem hann og varaformaður Byggiðnar reiknuðu út hvernig kaupmáttur taxta iðnaðarmanna hefur rýrnað þó nokkuð í gegn um árin.

Restin af fundinum fór um almenna umræðu um yfirvofandi verkfallsaðgerðir, spurningar og svör ef sú niðurstaða verður úr kosningunni. Spurt var hver eign styrktarsjóðsins væri og upplýsti formaður viðstadda um stöðu sjóðsins Varast verði þó að tæma sjóðinn alveg því sjóðurinnverður að hafa ákveðna upphæð inni til að hann geti rekið sig. Viðraði formaður þeirri hugmynd að stofnaður verði verkfallssjóður í náinni framtíð en miðað við stöðuna í samfélaginu og framkomu SA í viðræðum þurfi að huga betur að þeim þætti en enginn verkfallssjóður sé í raun hjá félaginu en styrktarsjóður félagsins taki á þeim þætti eins og er. Næst kom sú spurning „ef ég segi mig úr félaginu í dag, má ég þá vinna?“ Var svarið einfalt. Það gengur ekki þar sem búið er að samþykkja hjá samninganefnd félagsins kosningu til boðunar verkfalls.

og kom sú spurning „en ef ég hefði sagt mig úr félaginu fyrir mánuði“ og kom það svar að það væri ekki heldur hægt. Það tekur félagsmanninn 6 mánuði að missa réttindi sín hjá félaginu nema að viðkomandi sé kominn fyrir með réttindi hjá nýju félagi, síðan skiptir máli hvar samningurinn hjá viðkomandi liggur o.s.fr. formaður benti félagsmönnum á svæðið undir flípanum allt um verkfall og spurningar og svör en þar væru flestum þessum spurningum líka svarað sem og fleirum.

Félagsmaður spurði hvort SA væri með svipað tilboð til okkar eins og til Starfsgreinasambandsins (SGS)? Þ.e.a.s. að breyta vinnutilhögun á tíma. Svaraði formaður því játandi að slíkar umræður hafi átt sér stað, en okkar kröfur eru skýrar. Við viljum geta unnið 8. Klst. vinnudag og geta lifað mannsæmandi lífi af þeim. Spurt var um aðkomu ríkisins að kjarasamningunum og nefnt hækkun persónuafsláttar sem dæmi og hvaða kostnaður myndi liggja þar að baki?

Formaður segir að þrískiptur kjarasamningur er oftast bestur, en lítið hægt að ræða eitthvað sem ekki er formlega uppi á borðinu..

Hækkun persónuafsláttar mun alltaf gagnast og ekki síst fyrir þá lægst launuðu.

Því næst fór formaður yfir kjarkönnun og sýndi glærur um meðaltalslaun milli greina og svæða á landinu. Sýndi það svart á hvítu að verst séu launin hér á norðurlandi í þessari könnun. Upplýsti formaður að lokum að ekki hafi verið tekin ákvörðun um yfirvinnubann enn en það sé í umræðunni. Spurt var hvort að þyrfti að kjósa sér um yfirvinnubann, eða hvort það sé í höndum samninganefndarinnar? Formaður svaraði því til að það sé ákvörðun hennar eða samninganefndar Samiðnar, iðnfélaganna. Það þurfi þó að skoða hvernig það sé kynnt fyrir félagsmönnum ef sú ákvörðun verði tekin.

Ekki var fleira rætt á fundinum og var honum slitið kl 11:35